



Borgarráð

Þorragata 5, undanþágu frá aldursmörkum

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita undanþágu frá aldursskilyrðum, vegna sölu Önnu Fríðu Björgvinsdóttur, til dóttur sinnar Kristínar Jóhannesdóttur að íbúðar sinnar F2214541 við Þorragötu 5 í Reykjavík.

Sérskilmálar um að ekki verði seldar íbúðir í húsinu til yngra fólks en 63 ára eru á eignum Þorragötu 5, 7 og 9. Dæmi eru um að veitt hafi verið undanþága frá þessu ákvæði, m.a. á þeirri sölu þegar Anna Fríða keypti eignina sjálf 57 ára.

Óskað er því eftir að borgarráð samþykki að veita undanþágu frá aldursskilyrðum í þetta sinn á grundvelli þess að um er að ræða sölu til 58 ára lögerfingja seljanda.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Erindi Lögfræðistofu Reykjavíkur dags 6. maí 2024

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2024

Efni: Þorragata 5 – Beiðni um undanþágu frá aldursmörkum

Umbj. minn, Anna Fríða Björgvinsdóttir, kt. 050838-3909, sem einnig er móðir mín, svo öllu sé til skila haldið, er eigandi að íbúð 010201 að Þorragötu 5, Reykjavík. Anna Fríða er komin á hjúkrunarheimili og hefur orðið samkomulag um að systir mín, Kristín Jóhannesdóttir, kt. 020366-3899, kaupi íbúðina af móður okkar. Kristín er í óvígri sambúið með Stefáni Boga Stefánssyni fd. 1957 sem einnig mun búa þar.

Í lóðaleigusamningi hússins kemur fram að íbúðir í húsinu verði ekki seldar til yngra fólks en 63 ára. Fjöldmörg dæmi eru um að veitt hafi verið undanþága frá þessu ákvæði við eigendaskipti að íbúðum í húsinu. Þannig var móðir okkar t.a.m. einungis 57 ára gömul þegar hún keypti íbúðina 1995. Forsenda fyrir því að þinglýsing kaupsamninga til aðila yngri en 63 ára gangi snuðrulaust fyrir sig er að borgarráð samþykki sérstaklega undanþágu frá aldursákvæðinu í hverju tilviki ef svo hagar til sem hér.

Tilfni þessa bréfs er að óska eftir undanþágu frá aldursákvæðinu við eigendaskipti íbúðarinnar frá Önnu Fríðu yfir til Kristínar. Svar óskast hið fyrsta.

Bréf þetta er einunigs sent rafrænt.

Með kveðju,

Helgi Jóhannesson, lögmaður